



26. stjórnarfundur KKÍ starfstímabilið 2021-2023 Þriðjudagur 7. júní 2022 kl. 17:00

Mætt til fundar: Hannes S. Jónsson *formaður* (HSJ), stýrir fundi. Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir varaformaður (GNE), Birna Lárusdóttir annar varaformaður (BL), Guðni Hafsteinsson gjaldkeri (GH), Jón Bender (JB), Lárus Blöndal (LB), Einar Karl Birgisson (EKB), Herbert S. Arnarson (HSA), Erlingur Hannesson (EH) og Guðrún Kristmundsdóttir (GK).

HSJ og GNE ritaði fundargerð

1. Fundar gerðir síðustu funda

Vantar síðustu tvær fundargerðir.

Það er mikilvægt að koma fundargerðum stjórnar á kki.is, þar sem sumar fundargerðir stjórnar eru hugsanlega of ítarlegar til opinberrar birtingar vegna trúnaðarmála mun HSJ skoða fundargerðir frá áramótum og gera þær klárar til að birtast formlega. HSJ mun senda þær á embættismenn stjórnar til yfirlestar áður en þær fara kki.is. Hér eftir verða vinnupunktur stjórnar sem eru eingöngu fyrir stjórn og svo fundargerðir sem birtar verða formlega.

Fundargerð dómarnefndar frá fundi í gær 6. júní lögð fram og JB fór yfir nokkra punkta.

2. Fjármál og samstarfsaðilar

Staðan almennt góð í dag. Enn er beðið eftir COVID stuðningi ríkisins sem beðið hefur verið eftir ansi lengi.

Samstarfsaðilar: Subway verður áfram nafnið á úrvalsdeildunum til tveggja ára og verið að klára samning. Endursamið hefur verið við Ölgerðina og er samningurinn mun betri en fyrri samningur.

3. Mótahald næsta tímabils

Rætt um 1. deild karla og erindi sem frestað var frá síðasta fundi stjórnar þann 9. maí þar sem nokkur félög vilja spila tvöfalda umferð í stað þrefaldra. Stjórn sammála um að spila þrefalda umferð næsta vetur eins og reglugerð segir. Einnig tekið fyrir erindi um að fjölga félögum í 12 í 1.d.karla og því erindi hafnað.

Skráning í tvær efstu deildir runninn út. Eitt félag sem skuldar reikninga frá tímabilinu og er því veittur frestur til hádegis á næsta fimmtudag 9. júní til að klára sín mál.

4. Landsliðs-og afreksmál

Mikið um að vera á öllum stigum, úrvalsbúðir, U14 og svo æfingar yngri liðanna sem eru að fara erlendis í sumar. Kvennalandsliðið æfir í júní og karlalandsliðið mun keppa við Holland 1. júlí í síðasta leik fyrri hluta undankeppni HM.

Nokkur atriði er snúa að landsliðsstarfinu rædd.

5. Málafni FIBA

FIBA Europe þing fór fram í Vilnius í Litháen í lok í maí sem og fundur Norðurlanda á sama stað. HSJ og GNE boðið í heimsókn til Noregs í byrjun júlí á leik í forkeppni að EuroBasket 2025 karla Noregur-Danmörk.

6. Málafni ÍSÍ

Starfshópur á vegum ÍSÍ sem var falið að fjalla um verkferla, vinnubrögð og viðmið í íþróttahreyfingunni skilaði fyrir nokkru síðan af sér skýrslu til framkvæmdastjórnar ÍSÍ.

Er það mat starfshópsins að ekki sé unnt að ráðleggja aðilum innan íþróttahreyfingarinnar að setja reglur sem ómögulegt er að framfylgja og sem kunna jafnvel að vera andstæðar settum lögum.

Hins vegar er að mati starfshópsins hægt að grípa til ýmissa aðgerða og leggur starfshópurinn til sjö aðgerðir sem ÍSÍ hefur nú þegar hafið vinnu að.

Sameiginlegir verkferlar verða gefnir út fyrir allt íþrótt- og æskulýðsstarf af vinnuhópi samskiptaráðgjafa íþrótt- og æskulýðsstarf á næstunni og hvetur starfshópurinn til þess að íþróttahreyfingin starfi samkvæmt þeim.

7. Starfsmanna- og húsnæðismál

Umræða um starfsemi skrifstofunnar en eins og áður hefur verið rædd þá eru starfsmenn fyrir löngu komnir yfir þolmörk í verkefnum og almennri vinnu sem getur haft alvarleg áhrif á starfsemi sambandsins. Einnig rætt um að t.d. dómaranefnd hefur verið hlaðin verkefnum sem koma þurfi inn á skrifstofuna.

Það þarf að skoða það alvarlega að bæta við starfsmanni. HSJ falið að skoða það og ræða aftur í haust.

8. Önnur mál

- 15. gr. reglugerðar um körfuknattleiksmót um erlenda leikmenn verður kláruð fyrir næsta stjórnarfund til yfirferðar.
- Það er of algengt að skrifstofan þurfi að senda út póst varðandi mál sem eru í regluverkinu og engin viðurlög eru við og því erfitt að fylgja þeim eftir ef félögin laga ekki það sem óskað er eftir. Þetta þarf að skoða betur.
- Það vantar tvo nýja einstaklinga í aga- og úrskurðarnefnd þar sem tveir einstaklingar sögðu sig frá nefndinni á síðasta tímabili.

Fundi slitið kl.19:30

Næsti fundur 5. júlí kl.12.00